

Merkileg draugasaga.

Í Sunnanfara XI, 4 (apríl 1901) er merkileg draugasaga, sem ég gæti ímyndað mér að ýmsum hefði orðið til styrkingar hjátrúnni á þessum afturgöngutímum. Aðalinnihald sögunnar er sem nú segir.

Tveir menn, Guðinnur og Hafliði, koma á vetrardag að Mýrartungu. Þar sem Gestur Pálsson er; Guðinnur er vaskleikamaður. Hafliði taplitill. Næsta morgun lítur út fyrir byl, og Hafliði vill helst hvergi fara, en lætur þó tilleidast fyrir eggjanir Guðfinns að leggja á stað með honum. Þegar þeir eru farnir, brestur á svarta hrið og styttir ekki upp fyr en á þriðja degi; þá sjá menn til Guðfinns frá Mýrartungu. Er hann færður þangað heim og verið yfir honum dag og nótt í þilhúsi frammi í bænum, þar eð hann var mjög kalinn. G. P. býðst til að vaka yfir honum. Guðinnur kvartaði undan því, að Hafliði sækti að sér. G. P. fær síðan að vita, með hverjum hætti þeir félagar hafi skilið.

Verð ég hér að láta koma orðrétta söguna eins og hún stendur í Snf.

»..... Þeir lögðust fyrir undir storum steini og letu skefla yfir sig. Meðan þeir höfðust við þarna í skaflinum, fór Hafliði að ámæla Guðfinni harðlega, kvadst nú mundu týna lífinu, og það væri honum að kenna — jafnframt hét hann Guðfinni því, að hann skyldi ekkert til spara að ónáða hann, þegar hann væri dauður. En bratt fór að draga af Hafliða og seig á hann mók. Þegar hann hafði sofð um hrið, virðist Guðfinni hann rísa upp, hvessa augun á sig voðalega og hníga svo útaf aftur. Þá fanst Guðfinni sem hann mundi vera örendur. Og í sama bili kom að honum svo mikill ótti, að hann hélzt ekki lengur við í snjóhúsinu, heldur reif sig út úr því og lagði á stað út í bylinn».

»Þegar sjúklingurinn hafði lokið sögu sinni, seig í brjóstid á honum. G. P. notaði þá færið til þess að fara inn í bæ og fá sér kaffi

Þegar hann kom fram aftur, var sjúklingurinn risinn upp og var þá afar-felmtsfullur. Sagði að Hafliði hefði þá verið þar inni í húsinu og sótt að sér».

»Rett í því bili var rekið roknahögg í þilið milli skalans, sem þeir voru í, og bæjardyra».

G. P. snarast þegar út í bæjardyrrnar og út á hlað. Tungl-

skin var og hjart veður. Hann ser þá Hafliða standa öðru megin við skálagluggann og leggja eyrað við glugganum eins og hann væri að hlera eftir, hvað gerðist þar inni. G. P. færir sig þá nær honum, en Hafliði fer undan, og svona halda þeir fram með bæjarhöfningunum. En við bæjarhornið hverfur Hafliði altíð.

G. P. hugkvæmdist að gæta í snjóinn, þar sem Hafliði hafði farið. Hann sa engin spor eftir hann. Svo fór G. P. að hugsa um, hvernig honum hafði sýnst Hafliði buinn — í síðru áttíunda ári — í stað stuttreyjunnar, sem hann hafði verið í, þegar hann lagði á stað frá Mýrartungu.

G. P. fær síðan að vita hjá Guðfinni að Hafliði hafði komið á lanaða síða úlpu utan yfir sig á bæ, sem þeir komu við á milli fjallinu.

»G. P. leit æfnilega svo á, sem úlpan væri aðalatriðið í sögu unni. »Ef þessi sjón hefir ekkert verið annað en hugarbundun, sagði hann við mig. »Þá hefði ég ekki farið að ímynda mér, að ég hefði séð manninn öðru vísi klæddan en ég sá hann áður. Ímyndunaraflið gat naumast klætt hann í úlpuna, sem hann var í, þegar hann lézt, en ég hafði enga hugmynd um«.

Sannleikurinn í þessari sögu mundi nú ef til vill geta verið eitthvað á þessa leið og virðist sagan ekki að neinu leyti geta styrkt trúna á afturgöngur, heldur þvert á móti: Þegar Hafliði er sofnaður, sigur líka blundur á Guðfynn og er geigur í honum út af orðum Hafliða. Þá dreymir hann, að Hafliði rísi upp á s. frv. eins og áður er sagt. Hann hrekkur upp með andlættum og rýkur út í bylinn örviða af skellingu. — Hér mætti ef til vill geta þess, að draumar hafa einatt verið hinn mesti frömuðun allrar trúar og hjatruar; draumar hafa t. a. m. verið teknir fyrir vitranir frá gudi um heilagleik manna, og vitrir menn hafa jafnan talið svo, að öll tru og sjálfstæða sál ætti rót sína að reykja til drauma. Menntun hefir dreymt ættingja sína og vini, sem voru löngu dánir, og af því hefir æxlast sú trú, að þeir lifðu enn ein, hvers konar lífi; eins hefir þá dreymt, að þeir færu sjálfir lifandi og lög, þar sem aðrir gátu sagt þeim, að þeir á sama tíma hefðu legið grafkyrrir. Af því hefir risið sú trú, að menn væru tvöfaldir í roðinu og sálin gæti farið um víða veröld, þó að líkami væri kyr á sama stað. En þar að auk ber þess að gæta, að

menn hafa ekki alt af kunnað að greina milli svefns og vöku — eins og mun hafa verið í sögu þeirri, sem hér er um að ræða. Í þessu sambandi er það eftirtektarvert, að orðið svefn mun ekki vera búið til af manni, sem hefir sofið og verið að hugsa um þetta ástand eftirá, heldur af þeim, sem hefir horft á eða öllu heldur heyrt menn sofa, því að orðið er leitt af því, hvernig andardrattur manna breytist í svefni af linun vöðvanna. (sofna f. somna; svefn á lat. somnus, grísku hypnos).

Til þess að betur skiljist, hvað ég á við, ma nefna orðið þreyta, sem eiginlega mun þýða stöðug þrá (eftir hvíld). Það orð er ófað búið til af manni, sem sjálfur hefir verið þreyttur; mætti segja að það orð hefði skapast innanað, en orðið svefn utanað, og er það að vonum, þar sem fyrra orðið taknar óþægilegt ástand, en síðara orðið þægilegt, en maðurinn hefir miklu skýrari vitund þess, sem ilt er en gott. —

En ég vík aftur að þar sem fyr var frá horfið.

Guðfínnur kvartar undan að Hafliði sæki að sér, þ. e. þegar hann sofnar sækir í sama horfið, hann dreymir Hafliða. Þetta minnir mig á sögu, sem ég sá í læknisfræðistímariti einu, um frakkneska konu, sem mist hafði barn sitt, og hélt við sturlun af því að alt af, þegar hún sofnaði, dreymdi hana, að hún sæi kistuna barnsins síns vera að síga ofan í gröfina, og hrökk hún þá upp með andfælum. —

Svo er það, að roknahögg er rekið í þilið. Þetta högg er talsvert þýðingarmikið, því að ætla má, að það hafi hrifið allmikið a hinar næmu taugar Gests Pálssonar og undirbúið hann undir það, sem seinna varð; en ekki virðist svo torvelt að gera grein fyrir högginu, því að margt heyrst um nótt og brestur getur t. a. m. auðveldlega orðið að höggi í eyrum þess, sem þætti ekkert ólíklegt, að hann mundi heyra högg.

Eftir höggið er það sem G. P. sér Hafliða, eins og áður er sagt, og sér hann í úlpunni, sem hann vissi ekki að hann hafði verið í.

Eg er alveg samþykkur því, að úlpan sé aðalatriðið í sögunni, en lit þó nokkuð öðru vísi á það mal, en G. P. gerði.

Að það, sem Gestur sá, hafi verið það, sem nefnt er svipur, er varla nokkurt efamal, og meira að segja, var þetta afbragðs-svipur og fráþærlega vel lagður til að skýra, hvernig liggur í mörgum þess hattar fyrirburðum.

Enginn, sem ekki er barn að hugsun, mun láta sér detta í hug, að Hafliði hafi verið þarna á ferðinni dauður, en þó má segja að hann hafi verið á bænum og það ekki lítið magnður, nefnilega í hinni sjúku meðvitund Guðfinns, sem var þess fulltrúa samkvæmt gamalli hjatru, að einhver vera af Hafliða væri þarna á bænum og vildi gera sér ilt, og hefir hann að lokum líklega þótt sjá Hafliða, jafnvel þó að hann vekti.

Þessi hugmynd Guðfinns hefir það nú verið, sem Gestur sá, það er að segja, Guðfinnur hefir — óafvitandi þó og óviljandi — blasid honum í brjóst því, sem Guðfinni sjálfum var þa svo afarrikt í huga, og líklega hefir einmitt höggið sem Gestur heyrdi, ef svo mætti að orði kveða, orðið til þess, að brjóta niður vegginn milli þessara tveggja meðvitunda, svo að það, sem var ríkast í annarri, komst snöggvast yfir í hina, en þó raunar ekki alveg óbreytt; væri ef til vill réttast að segja, að áhrifin frá Guðfinni hafi fært í úlpuna hugarburð Gests, — sem að vísu var getinn af æsingi hins sjúka manns — nokkuð líkt eins og áhrifin frá Skeibrok í augum Hans Ross steypa gerfi Henriks Jægers yfir honum alls ólíkan mann. sbr. söguna hér á eftir. Þegar svona er lítið á, verður skiljanlegra, að Gestur sá Hafliða í úlpunni, eins og Guðfinnur sá hann, en ekki virðist mér hægt að skilja neitt í sögunni með öðru móti; líklegt er þó að sagan sé sönn í aðalatriðunum.

Að Gestur hafi orðið þarna fyrir nokkurs konar innblæstri¹, virðist enn þá líklegra þegar þess er gætt, að ímyndunarafli hans — eða það, sem réttnefndara væri hugsjónarafið — var, eins og kunnugt er, mjög auðugt, en lundin viðkvæm og víst heldur klökk.

Innblástur (*suggestion*) er annars jafnalgengur í daglegu lífi og hann er þýðingarmikill, og ber ekki minst á ýmsu, sem þar að lýtur, þegar kosningar til alþingis fara í hönd.

Til þess að rita vel um innblástur (*suggestion*) þyrfti langt mál, og verður það ekki gert hér; ég skal aðeins nefna tvö dæmi og er hið síðara þó skyldara sögu þeirri, sem rætt hefir verið um hér að framan.

Goethe kvaddst eitt sinn, er hann ræddi við Eckermann,²

¹ Því miður hugkvæmist mér ekki neitt betra orð yfir *suggestion*.

² Eckermanns Gespräche mit Goethe.

hafa veitt því eftirtekt, að menn, sem hann hafði verið með, hafi iðulega orðið til þess að vekja máls á því, sem sjálfum honum var fastast í hug það augnablikið, og hann ef til vill einmitt ætlaði að fara að hefja máls á sjálfur; mætti segja að það sé eins og straumþunginn í huga Goethes hafi verið svo mikill, að hann hafi hrifið hina með sér þeim óafvitandi og ósjálfrátt, og er þá raunar litlu nær en áður.

Hin sagan er í aðalatriðunum þannig:

Hans Ross sér á götu M. Skeibrok og ætlar að tala við hann; við hliðina á honum þykist hann sjá Henrik Jæger og horfir hann á Ross; R. verður þá lituð af þeim, en þegar hann litur til þeirra aftur, sér hann að við hliðina á Skeibrok stendur ekki Henrik Jæger, heldur annar maður, sem »er Henrik Jæger eins ólíkur og orðið getur«. En einmitt þegar Ross þóttist sjá Henrik Jæger þarna, hafði Skeibrok hugsað til hans ákaflega fast og óskað, að hann sæi hann á götunni, því að hann þyrfti að finna hann. Hélt Skeibrok, að hugmynd hans af Henrik Jæger hefði haft þau áhrif á heilann í Ross, að hann þóttist sjá þarna H. J., sem hann þó þekkti lituð, í stað þess manns, sem raunar stóð þar og var honum miklu kunnugri.¹

Eins og menn sjá, er þessi síðari saga í eðli sínu ekki alls ólík sögu Gests Pálssonar og er þó saga Gests miklu betri.

Svipurinn, sem Gestur sá, er niðji hinna gömlu, áhrifamiklu drauga, sem segir frá í Þjóðsögunum. Hefði Guðfinnur ekki verið trúmaður á afturgöngur, þá hefði hann aldrei orðið svona afsalega hræddur, Hafliði hefði ekki »sótt að honum« og Gestur Pálsson ekki séð neinn svip; en svona sögulegur varð svipurinn, af því að Gestur var skáld.

Gestur sá þarna hörmulegt dæmi þess, að hjátrúin varð manni að bana, og hver veit nema þetta atvik sé ein rótin undir sögunni af Sigurði formanni?

HELGI PJETURSSON.

¹ Sjá nákvæmar um þetta: »Ringeren«, Kria 1898 nr. 11, bls. 11—12 (Hans Ross: Overførelse af Tankebilledet?)